FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Inngangur að félagsfræði
Námsgrein:	félagsfræði
Viðfangsefni:	fjölskyldan., félagsfræðin, félagsmótun, samfélagið
Skammstöfun:	FÉLA2FS05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er hið félagsfræðilega sjónarhorn í öndvegi og áhersla á grunnstoðir samfélagins og hvernig samfélagið stjórnar hegðun einstaklinganna. Áhersla er á gagnrýna hugsun, víðsýni og umburðarlyndi.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • sögu félagsfræðinnar og helstu brautryðjendum hennar • grundvallarkenningum félagsfræðinnar • uppruna mannsins, menningu og samfélagsgerðum • félagsmótun í víðu samhengi • fjölskyldunni í samfélaginu og mismunandi gerðum hennar • íslenska stjórnkerfinu og grunnstoðum lýðræðisins • þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans og þeim áhrifum sem hann getur haft á þessar stofnanir • réttindum og skyldum sínum gagnvart samfélaginu • áhrifum kynferðis á stöðu og félagsmótun
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita gagnrýnni hugsun og færa rök fyrir máli sínu • beita hugtökum félagsfræðinnar í ræðu og riti • skilja stöðu sína innan samfélagsins • lesa í og skilja umfjöllun um helstu stofnanir samfélagsins • nota fjölbreyttar námsaðferðir og afla gagna á margvíslegan hátt • lesa úr og túlka talnagögn um samfélagsleg málefni
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • setja margvísleg fyrirbæri daglegs lífs í samhengi við félagsfræðina • fjalla um skoðanir og gildi annara af virðingu og víðsýni • setja fram eigin skoðun og taka þátt í umræðum • gera sér grein fyrir samspili þekkingar, umburðarlyndis og fordóma
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.